

Reykjavík, júlí 2017

Kæru nýnemar í Sálfræðideild!

Sálfræðideild Háskóla Íslands býður ykkur velkomin til náms skólaárið 2017-2018.

Framundan hjá ykkur er spennandi og krefjandi nám. Deildin kappkostar að veita stúdentum trausta og breiða menntun í sálfræði sem stenst alþjóðlegan samanburð. Því verða gerðar miklar kröfur til ykkar í náminu og við væntum þess að þið sinnið því af samviskusemi og óskiptum áhuga.

Á undanförnum árum hefur sálfræðin vaxið mjög í Háskóla Íslands og er Sálfræðideild ein af stærstu deildum skólans. Starfsfólk deildarinnar veit að þið leggið ykkar af mörkum til að efla veg greinarinnar í Háskólanum eins og fyrri árgangar hafa gert.

Ég vonast til að sjá ykkur sem flest á **kynningarfund** **fimmtudaginn 31. ágúst n.k. kl. 16:00 í stofu 105 í Háskólatorgi**. Þar er miðlað mikilvægum upplýsingum um námið og námsumhverfið og allir eru hvattir til að mæta. Kennsla hefst síðan af fullum krafti föstudaginn 1. september.

Með góðri kveðju og ósk um velgengni í námi ykkar í vetur.



Ragna B. Garðarsdóttir, deildarforseti

Hagnýtar upplýsingar til nýnema í Sálfræðideild háskólaárið 2017-2018

Kynningarfundur fyrir nýnema í sálfræði verður

fimmtudaginn 31. ágúst kl. 16:00 í stofu 105 í Háskólatorgi.

Kynningardagar

Nýnemadagar Háskóla Íslands verða haldnir í lok ágúst/byrjun september. Upplýsingar um dagskrá nýnemadaga verða á heimasíðu háskólans <http://www.hi.is/nynemar>

Tölvupóstur

Þú hefur nú fengið hi-netfang, sem þú skalt fylgjast með, því að mikilvægar upplýsingar frá skólanum eru oft sendar í tölvupósti.

Kennsla

Kennsla í sálfræðideild hefst föstudaginn 1. september skv. stundaskrá, sem eru á vef deildarinnar <http://www.hi.is/heilbrigdisvisindasvid-salfraedideild-grunnnam/stundatoflur>

Athugið að stundaskrár geta breyst af óviðráðanlegum ástæðum.

Síðasti kennsludagur haustmisseris er 30. nóvember 2016. Kennsla á vormisseri 2017 hefst 15. janúar og lýkur 20. apríl.

Próf

Haustmisserispróf eru haldin 4. – 18. desember. Sjúkrapróf verða haldin, ef þörf krefur, í tvo daga í kjölfar próftímabilsins samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra.

Athugið að endurtökupróf eru **ekki** haldin í Sálfræðideild.

Vormisserispróf verða 24. apríl – 9. maí og sjúkrapróf í kjölfarið samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra.

Framvinda

Nemendur í sálfræðideild þurfa að standast námskeið í Almennri sálfræði, Tölfræði I og Skýringum á hegðun með veginni meðaleinkunn 6,0 eða hærri til þess geta haldið áfram námi á vormisseri 2018. Til þess að mega hefja nám á 2. ári verður nemandi að auki að taka a.m.k. 15 einingar af eftirtöldum námskeiðum: Tölfræði II, Greiningu og mótun hegðunar, Aðferðafræði, Vinnulagi í sálfræðinámi og Lífeðlislegri sálfræði.

Nánari upplýsingar

Upplýsingar fyrir nýnema í Háskóla Íslands er að finna á vef skólans: <http://www.hi.is/nynemar>
Viðtalstímar kennara verða auglýstir á heimasíðu deildar.

Skrifstofa sálfræðideildar

Nemendum er ráðlagt að leita upplýsinga um nám og námstilhögun hjá skrifstofu deildar. Skrifstofa Sálfræðideildar í Odda er opin mánudaga til föstudaga kl. 10:00-12:00 og 13:00-15:30. Netfang: saldeild@hi.is og símar 525-4240/525-5269.